

Stefna Stefnis um baráttu gegn fjármunabrotum

Markmið þessarar stefnu er að gera grein fyrir þeirri nálgun sem Stefnir beitir til að uppfylla lagaskyldur sínar samkvæmt lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og lögum nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna. Stefnan er innleidd með ítarlegri reglum og verklagsreglum. Það er stefna Stefnis að berjast gegn fjármunabrotum¹ og að koma í veg fyrir misnotkun á þjónustu og starfsemi Stefnis í slíkum tilgangi. Þessi stefna gildir um alla starfsmenn félagsins, þar með talið stjórnarmenn.

Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og hefur útvistað verkefnum er tengjast lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka til Markaða Arion banka. Þá hefur Stefnir útvistað hlutverki ábyrgðarmanns skv. 34. gr. laganna til regluvarðar Arion banka, sem jafnframt gegnir hlutverki regluvarðar Stefnis. Félögin beita samræmdum aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og miðla upplýsingum sín á milli í samræmi við heimild samkvæmt 32. gr. laganna.

1. Innleiðing

Stefnir hefur komið á og skal viðhalda eftirfarandi verkferlum:

- Skipun óháðs regluvarðar Arion banka, sem jafnframt er regluvörður Stefnis, sem ábyrgðarmann tilkynninga um peningabætti;
- Verkferlar til að meta reglulega og draga úr áhættu Stefnis vegna fjármunabrota;
- Verkferlar um áreiðanleikakannanir og áhættumat viðskiptamanna ásamt fullnægjandi varðveislu gagna;
- Verkferlar, kerfi og stýringar fyrir reglubundið eftirlit viðskiptasambanda, þvingunaraðgerða og tilkynninga vegna grunsamlegra viðskipta;
- Viðeigandi athugun á bakgrunni starfsmanna auk fræðslu og þjálfun í upphafi starfs og með reglubundnum hætti;
- Innri stýringar og eftirlit auk hlítinafretirlits sjálfstæðrar deildar regluvörslu með stefnunni;
- Verkferlar um aðgerðir gegn mútum og spillingu.

Verkferlar skulu byggðir á áhættumiðaðri nálgun í samræmi við stærð, eðli, umfang og margbreytileika í starfsemi Stefnis auk þeirrar áhættu sem Stefnir er útsettur fyrir.

2. Áhættuþol

Með hliðsjón af stefnu Arion banka hefur Stefnir ákveðið að tiltekin viðskipti og þjónusta skuli óheimil eða takmörkuð og að þjónusta félagsins standi ákveðnum tegundum aðila ekki til boða.

Óheimilt er að stofna til eða halda áfram viðskiptum:

- við aðila sem Arion banki eða Stefnir hefur áður ákveðið að synja viðskiptum;
- ef ekki reynist mögulegt að afla viðeigandi upplýsinga eða sannreyna áreiðanleika fyrirliggjandi upplýsinga með fullnægjandi hætti og það kemur í veg fyrir að hægt sé að meta áhættu á fjármunabrotum sem leiðir af viðskiptasambandinu;
- við aðila sem lýtur alþjóðlegum þvingunaraðgerðum samkvæmt ákvörðun Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins, Bretlands eða Bandaríkjana;
- við aðila sem hefur í för með sér verulega orðsporsáhættu fyrir Stefni, vegna meintra tengsla við ólögmetta háttsemi;
- við aðila þar sem er fyrir hendi sterkur grunur að viðkomandi kunni að misnota þjónustu félagsins til

¹Fjármunabrot eru hvers kyns brot sem beinast gegn eða snúast um fjárhagsleg verðmæti, þar með talið en ekki takmarkað við, peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, fjárhagslegar þvingunaraðgerðir, mútur og spillingu og markaðsmisnotkun.

peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða að viðkomandi hafi villt á sér heimildir, afhent félaginu fölsuð skjöl, eða sýnt af sér ógnandi hegðun gagnvart starfsfólki;

- við aðila sem á sviksamlegan hátt hyggst koma fram undir eigin nafni í þágu þriðja aðila;
- við skelbanka (þ.e. fjármálafyrirtæki sem hefur ekki raunverulega starfsemi) og fjármálafyrirtæki sem heimila skelbanka að nota reikninga sína eða aðila sem veita fjármálaþjónustu án tilskilinna leyfa;
- við lögaðila sem gefur út hluti í formi handhafabréfa, án hluthafaskrár þar sem haldið er utan um nöfn allra handhafa;
- við aðila þar sem af öðrum ástæðum er talin óásættanleg hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka;

Auk framangreinds skulu eftirfarandi takmarkanir gilda vegna þjónustu Stefnis:

- Stefnir tekur ekki við reiðufé;
- greiðslur fyrir fjárfestingar í sjóðum skulu koma af reikningi á kennitölu viðkomandi fjárfestis;
- innlausnir skulu ávallt greiddar inn á reikning á kennitölu viðkomandi fjárfestis, nema lög mæli fyrir um annað;
- óheimilt er að bjóða viðskiptavinum nafnleynd í viðskiptum og skal gæta sérstakrar varúðar ef um er að ræða nýja tækni eða vöru þar sem hvatt er til nafnleyndar, þar með talið við vöruþróun innan félagsins.

Hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambands sem brýtur í bág a við ofangreindar takmarkanir, eða viðskiptasamband samræmist ekki áhættuvilja Stefnis, skal binda endi á viðskiptasambandið, í samræmi við lagaskyldur og verkferla.

Arion banki áhættumetur sérhvern viðskiptavin og hagar viðvarandi eftirliti í samræmi við niðurstöðu þess mats. Stefnir fylgir mati bankans í þessum efnum. Stefnir áskilur sér þó ávallt rétt til að hafna umsókn um viðskipti eða takmarka eða binda endi á viðskiptasamband, óháð mati bankans.

3. Ábyrgð og skýrslugjöf

3.1 Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri sér til þess að viðeigandi reglur og verkferlar séu innleidd í samræmi við þessa stefnu. Auk þess sér framkvæmdastjóri til þess að stjórnendur skuldbindi sig til að beita viðeigandi aðgerðum til að koma auga á og draga úr fjármunabrotum, meðal annars með því að endurskoða áhættumat fjármunabrota reglulega. Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra að taka ákvörðun um hvort aðili, sem talinn er áhættusamur með tilliti til þessarar stefnu, sé samþykktur í viðskipti.

3.2 Allir starfsmenn

Það er á ábyrgð sérhvers starfsmanns að tilkynna um grunsamleg athæfi eða viðskipti og að halda trúnað um slíkar tilkynningar.

Stefnir tekur ekki við fjárfestum án milligöngu Arion banka. Í því felst að áreiðanleikakannanir eru framkvæmdar af bankanum í samræmi við reglur bankans þar um. Sú skylda hvílir á starfsfólki Stefnis að ganga úr skugga um að áreiðanleikakönnun hafi verið framkvæmd. Stefni er heimilt að fá afrit af upplýsingum sem bankinn aflar í tengslum við áreiðanleikakannanir og getur óskað þess að Arion banki afli frekari upplýsinga, eða uppfæri fyrirbyggjandi upplýsingar, eftir atvikum.

3.3 Regluvörður

Regluvörður ber ábyrgð á að tryggja þróun samræmdra starfshátta til að styðja við áreiðanlega framkvæmd þessarar stefnu, með því að fylgjast með og meta reglulega hvort ráðstafanir og verklagsreglur séu fullnægjandi og skilvirkar. Það er einnig á ábyrgð regluvarðar að fylgjast með starfsemi sem grunur leikur á að tengist fjármunabrotum og tryggja að grunsamleg athæfi séu tilkynnt til viðeigandi yfirvalda.

Regluvörður skal veita stjórn skýrslu um framkvæmd reglna þessara eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Stjórn leggur mat á skýrsluna og kveður á um aðgerðir til úrbóta, eftir atvikum.

Regluverði er heimilt að stöðva framkvæmd viðskipta ef grunur leikur á um að þau tengist refsiverðri háttsemi. Þá getur regluvörður krafist þess að bundinn sé endi á viðskiptasamband vegna hættu á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Framkvæmdastjóri getur hafnað kröfum regluvarðar og skal stjórn upplýst um slíkt.

Samþykkt af stjórn Stefnis

16. ágúst 2023

Undirritunarsíða

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Guðmundur Jóhann Jónsson

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir